## Viðræðuáætlun

**vegna endurnýjunar kjarasamninga sem verða lausir 1. febrúar 2014**

**1. Gildissvið**
Viðræðuáætlun þessi nær til endurnýjunar á kjarasamningi Faxaflóahafna annars vegar og VM félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Samiðnar, Verkstjórasambandi Íslands, Eflingar-stéttarfelag og Félagi skipstjórnarmanna hins vegar.

**2. Upphaf og skipulag samningaviðræðna**

Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um væntanlegan kjarasamning hið fyrsta. Við upphaf viðræðna kynni samningsaðilar hvernig samninganefndir eru skipaðar, ræða um reynslu af gildandi samningi og leggja fram helstu markmið sín og áherslur í komandi kjaraviðræðum.

Í kjölfarið munu aðilar setja sér sameiginlega áætlun um verk- og tímaþætti viðræðna, nauðsynlega gagnaöflun og tengd atriði. Samningaviðræðum verði hagað samkvæmt sameiginlegri áætlun um einstaka efnisþætti kjarasamningsins.

Aðilar ákveði nánar hverju sinni fundastað, tíma og umræðuefni hvers fundar. Fundir verði eftir því sem unnt er haldnir á hefðbundnum vinnutíma.

**3. Markmið um lok samningsgerðar**
Viðræðuáætlun þessi er gerð með það að markmiði að aðilar kjarasamningsins nái að gera kjarasamning sín á milli fyrir 31. janúar 2014 þannig að nýr kjarasamningur geti tekið við af þeim sem nú er í gildi.

Reykjavík, 25. nóvember 2013.

F.h. VM félagi vélastjóra og málmtæknimanna

Samiðnar

Verkstjórasambands Íslands

Eflingar-stéttarfélags

Félagi skipstjórnarmanna

F.h. Faxaflóahafna